



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS
DELTA KAPPA GAMMA

Framkvæmdaráðsfundur 14. september 2013
Haldinn í Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði

1. *Setning fundar.*

Guðbjörg Sveinsdóttir forseti setti fundinn kl. 10:00 og bauð félagskonur velkomnar, Marsibil kveikti á kertum. Krístrún las markmið samtakanna. Guðbjörg las upp nöfn félagskvenna á fundinum og áttu allar deildir fulltrúa. Alls voru fundarkonur 19.

2. *Ný stjórn landssambandsins.*

Guðbjörg kynnti nýja stjórn. Guðbjörg Sveinsdóttir forseti, Sigríður Ragnarsdóttir 1. varaforseti, Krístrún Ísaksdóttir 2. varaforseti, Marsibil Ólafsdóttir meðstjórnandi og Þorgerður Sigurðardóttir ritari. Auður Torfadóttir verður lögsögumaður DKG á Íslandi næstu tvö árin. Guðbjörg bar upp tillögu um nýjan gjaldkera sem er Jensína Valdimarsdóttir úr Deltadeild, tillagan var samþykkt.

3. *Kynning nefnda.*

Guðbjörg kynnti konur í nefndum fyrir næsta tímabil og sagði að seta í nefndum hefði dreifst nokkuð jafnt á deildir um allt land.

4. *Hlutverk framkvæmdaráðs.*

Guðbjörg fór yfir hlutverk framkvæmdaráðs en þar eiga sæti stjórn landssambandsins, fráfarandi formaður, formenn deilda ásamt gjaldkera og lögsögumanni. Hún sagði jafnframt frá því að framkvæmdaráð mætti kalla eftir álit með rafrænum hætti. Ennfremur mætti framkvæmdaráð afgreiða mál bréflega, með tölvupósti eða símleiðis ef bráð nauðsyn krefur.

Venja er að vorþing séu haldin í Reykjavík en landssambandsþing utan Reykjavíkur. Guðbjörg lagði fram tillögu að breytingu um að vorþing yrðu haldin utan Reykjavíkur og landssambandsþing í Reykjavík. Tillagan var samþykkt. Næsta vorþing verður 10. maí á Ísafirði.

5. *Fjárhagsáætlun.*

Guðbjörg kynnti fjárhagsáætlun fyrir næsta tímabil en hún er fráfarandi gjaldkeri samtakanna. Áætlunin var samþykkt. Nokkrar umræður urðu um hækkun félagsgjalda en þeirri umræðu var vísað til framkvæmdaráðsfundar af aðalfundi DKG vorið 2013. Samþykkt var að vísa umræðunni til deilda um að hækka félagsgjaldið úr 8000 kr. í 10.000 kr. frá árinu 2015. Rökstuðningur fyrir hækkuninni er að fjármál félagsins er í járnum og þarf með einhverjum ráðum að auka tekjurnar samhliða öðrum

hækkunum. Einn af stærstu útgjaldaliðunum eru fargjöld sem greidd eru t.d. fyrir formenn á framkvæmdaráðsfundi en sá kostnaður hefur hækkað mikið síðustu ár.

6. *Störf formanna deilda.*

Guðbjörg fór yfir störf formanna deilda og minnti þá á nokkur mikilvæg atriði. Aðalatriðið er að konum líði vel í sinni deild og þyki eftirsóknarvert að sækja fundi í deildinni. Þó nokkur umræða varð um fjölgun í deildum og var umræðunni vísað til hópumræðna sem vera átti síðar á fundinum.

7. *Alþjóðastarfið.*

Sigrún Klara Hannesdóttir sagði frá alþjóðastarfinu en hún hefur látið mikið til sín taka á þeim vettvangi. Áður en Sigrún Klara byrjaði kynnti Guðbjörg Sigrúnu en á nýafstöðnu Evrópuþingi DKG var Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir sæmd The International Achievement Award viðurkenningu sem er æðsta orða samtakanna. Þetta í fyrsta skipti sem orðan er veitt í Evrópu. Guðbjörg afhenti Sigrúnu Klöru gjöf frá DKG á Íslandi og óskaði henni til hamingju fyrir hönd DKG á Íslandi. Sigrún Klara lauk máli sínu með því að leggja til að hópur DKG kvenna á Íslandi myndi heimsækja erlenda deild, t.d. í Eistlandi.

8. *Námskeið og fleira.*

Sigríður Ragna Sigurðardóttir fráfarandi forseti sagði frá reynslu sinni af forsetastarfinu síðastliðin tvö ár. Ennfremur sagði hún frá námskeiðum sem deildir hafa möguleika á að fá til sín. Annars vegar er það Stjórnunámskeið sem Sigrún Jóhannesdóttir sér um en það er leiðtoganámskeið og greiðir DKG fargjald fyrir Sigrúnu til deilda en deildirnar þurfa að bera annan kostnað. Hins vegar er námskeið sem Ingibjörg Jónasdóttir býður deildum til að efla innra starf deilda. Deildir þurfa að bera kostnað af því námskeiði en kostnaði er haldið í algjöru lágmarki eins og við Stjórnunámskeiðið.

9. *Starfsáætlun.*

Guðbjörg kynnti starfsáætlun stjórnar. Litlar umræður urðu um hana og virtust konur nokkuð ánægðar með áætlunina.

10. *Umræðuhópar.*

Fundarkonum var skipt í fjóra umræðuhópa. Hóparnir voru beðnir að ræða eftirfarandi atriði og skila þeim til ritara.

- Einkunnarorð
- Hvernig styrkjum við deildirnar?
- Væntingar til landssambandstjórnar
- Félagsgjaldið
- Fyrirkomulag aðalfunda
- Önnur atriði sem fundarkonur vija koma á framfæri

11. *Fundi slitið.*

Guðbjörg þakkaði fyrir góðan fund og sleit fundi kl. 14:00 með því að slökkva á kertum.

Fundarritari Þorgerður Sigurðardóttir